**188. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
2. mars 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun**

   Kynning á stöðu hönnunar á fyrsta hluta að Jaðarsbökkum.

   *Sameiginlegur dagskrárliður skóla-og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs, jafnframt sátu fundinn undir þessum dagskrárlið bæjarfulltrúarnir Kristinn Hallur Sveinsson, Einar Brandsson, Rakel Óskarsdóttir, Ólafur Adolfsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Elsa Lára Arnardóttir.*

   *Þórður Guðjónsson formaður starfshóps um hönnun 1. áfanga á Jaðarsbökkum fór yfir minnisblað starfshópsins dagsett 19. febrúar 2021. Gunnar Borgarsson arkitekt fór síðan yfir stöðu hönnunar mannvirkisins eins og hún stendur í dag.*

   *Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi hönnunargögn og að þau verði notuð í áframhaldandi hönnun mannvirkis. Jafnframt tekur skipulags- og umhverfisráð undir þau sjónarmið sem fram koma í minniblaði starfshóps um framhald verkefnisins er lúta að hlutverki núverandi starfshóps í hönnunarferli og því að sérstök bygginganefnd verði stofnuð þegar framkvæmd fer af stað. Skipulags- og umhverfisráð leggur því til við bæjarráð að framlengja vinnutímabil starfshópsins þar til hönnun er lokið og í framhaldinu að leggja fram sérstakt erindisbréf bygginganefndar þegar framkvæmdir hefjast.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.**

Ragnar Sæmundsson
Halla Marta Árnadóttir
Karl Jóhann Haagensen
Sigurður P. Harðarson
Hafdís Sigurþórsd